

Reykjavík, 10. september 2017
R17060059

Borgarráð

Ungt fólk og ofbeldi - fundaröð ofbeldisvarnarnefndar veturinn 2017-2018

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita ofbeldisvarnarnefnd 772.200 kr. fjárveitingu í samræmi hjálagða kostnaðaráætlun dags. 25. ágúst 2017 sem færist af kostnaðarstaðnum, ófyrirséð, 09205. Með þessari fjárveitingu getur ofbeldisvarnarnefnd staðið fyrir myndarlegri fundaröð er varðar ungt fólk og ofbeldi í vetur.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Fólk ofbeldi -Ráðstefnur/fundir ofbeldisvarnarnefndar haustið 2017 og vorið 2018.

Fjárhagsáætlun - fundaröð fólk ofbeldi 2017- 2018. Dags. 25. ágúst 2017.

Bréf til borgarráðs frá formanni ofbeldisvarnarnefndar. Dags. 8. september 2017.

Borgarráð

Fundaröð um ungt fólk og ofbeldi 2017 - 2018

Í kjölfar alvarlegra atburða og umræðu sem tengist ungu fólki og því ofbeldi sem ungt fólk verður fyrir eða óttast og það samfélag sem ungt fólk elst upp í aukist til muna. Ofbeldisvarnarnefnd telur mikilvægt að taka þátt í þessu samtali með það að markmiðið að bjóða upp á fróðleg innlegg og leita lausna með öllum þeim sem kunna að hafa áhuga á málefninu.

Ofbeldisvarnarnefnd óskar því eftir fjárveitingu samkvæmt meðfylgjandi kostnaðaráætlun til að standa fyrir fundaröð um ungt fólk og ofbeldi í vetur. Fundaefnið gagnast báðum kynjum og málefnið brennur á ungu fólki í Reykjavík í dag.

Heiða Björg Hilmsdóttir
formaður ofbeldisvarnarnefndar

Hjálagt:

Fokk ofbeldi -Ráðstefnur/fundir ofbeldisvarnarnefndar haustið 2017 og vorið 2018.

Fjárhagsáætlun - fundaröð fokk ofbeldi 2017- 2018. Dags. 25. ágúst 2017.

Fokk ofbeldi

Ráðstefnur/fundir ofbeldisvarnarnefndar haustið 2017 og vorið 2018

Ég er að drepast úr ást

Ungt fólk og ofbeldi

Ráðstefna ofbeldisvarnarnefndar hálfur dagur

Afbrýðissemi er ekki rómantísk. Sænskt verkefni

Er þetta ofbeldi? Reynslusögur ungs fólks - (Reykjavíkurráðið -tvær reynslusögur).

Hvað er hrelliklám (starfrænt klám), hvernig birtist það og ná lög yfir það? Kolbrúnu Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari.

Tími: Október 2017.

Klám eða kynfræðsla

Morgunverðarfundur ofbeldisvarnarnefndar

Eru mörkin á milli kláms og kynlífs orðin óljós? Leita börn og ungmenni eftir upplýsingum um kynlíf með því að horfa á klám? Hefur klámvæðingin áhrif á kynlíf ungs fólks og þá með hvaða hætti? Eru vísbendingar um að klám styðji við nauðgunarmenningu? Fá ungmenni nógu mikla og markvissa kyn- og jafnréttisfræðslu í skólakerfi Reykjavíkur í dag? Hvað er til ráða?

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Þórður Kristinsson (Vantar nafn á erindið), segja frá rannsóknum sínum á kynlífsmenningu framhaldsskólanema með sérstakri áherslu á viðhorf og umræður unga fólksins um klám.

Kynhegðun, kynheilbrigði og klámáhorf framhaldsskólanema. Ástrós Erla Benediktsdóttir (megindleg rannsókn) (eða Dagbjört Ásbjörnsdóttir)

Tími: Nóvember 2017.

Hvað er Nauðgunarmenning?

Morgunfundur ofbeldisvarnarnefndar

Hvað er nauðgunarmenning? Erum við að vinna gegn henni? Hvernig birtist hún í auglýsingum, gríni og almennri umræðu? Og hvaða áhrif hefur þetta á sjálfsmynd fólks, sérstaklega ungs fólks.

Nokkur erindi og umræður
Femínistafélög framhaldsskólanna

Tími: Febrúar 2018.

Hver á rýmið í borginni eða Skipulag og öryggi?
Ráðstefna ofbeldisvarnarnefndar – hálfur dagur (gjarna í samvinnu við USK)

Viðhorfskönnun lögreglunnar. Hvernig upplifir fólk öryggi sitt í borginni og þróunin á viðhorfum á milli ára. Jónas Orri Jónasson, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Brot í borginni hve oft, hvar, hvenær..

Hvernig er borgarlandið – hvaða skilaboð er verið að senda?

Þarf að horfa til kynjasjónarmiða þegar borg er hönnuð og hvernig er það gert? erlendur fyrirlesari.

„Ég vil helst ekki labba ein heim“. Upplifun kvenna af því að labba um einar og valdeflandi leiðir sem þær nýta. Björk Hólm Þorsteinsdóttir.

Tími: Mars 2018.

Kostnaðaráætlun vegna ráðstefna og morgunverðarfunda Ofbeldisvarnarnefndar 2017 og 2018

Miðað er við tvær hálf dags ráðstefnur og tvo morgunverðarfundi

Morgunverðarfundir

		Kr.
Salur í hvert skipti	40.000	
4 fundir		160.000
Greiðsla fyrir fyrirlestra (6)		240.000

Kostnaður vegna fyrirlesra erlendis frá

Flug	40.000	
Hótel tvær nætur	60.000	
Dagpeningar 1 heill dagur og 2 ferðad.	45.000	
Samtals	145.000	
Samtals fyrir 2 fyrirlesara		290.000
Kynning á fb.		12.000
Samtals		702.000
Ófyrirséð 10%		70.200
Samtals		772.200

Ath. það er ekki greitt fyrir alla fyrirlestra því fyrirlestrahald er hluti af vinnuskyldu sumra fyrirlesara.